



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 4. maí 2021

2101027SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: **Boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVI. landsþings sambandsins sem haldið verður 21. maí 2021.


Undirbúningur landsþings miðar að því að það verði haldið rafrænt en ef aðstæður leyfa verður landsþingið haldið á Grand hóteli í Reykjavík. Nánari upplýsingar um framkvæmd verður send út þegar nær dregur eða í síðasta lagi 10. maí.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 17. maí 2021.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri